

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 8. desember 2023
UST202311-137/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Laxabraut 15-17 og Laxabraut 19-29 - Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Ölfuss fyrir Laxabraut 15-17 annarsvegar og Laxabraut 19-29 hins vegar.

Í greinargerð kemur fram „*annars vegar er áætlað að vinna fyrst deiliskipulag fyrir lóðir 19-27, sem unnið verður á grundvelli núverandi umhverfismats fyrir allt að 28.000 tonna ársframleiðslu. Hins vegar verður unnið að deiliskipulagi fyrir lóðir 15-17, samhliða vinnslu á umhverfismati fyrir aukna framleiðslu. Í gildi er deiliskipulag fyrir Laxabraut 17 og 21-25 sem felld verða úr gildi með nýju deiliskipulagi fyrir svæðið.*“

Samkvæmt greinargerð er áformað að reisa fiskeldisstöð með seiðaeldi og sláturhúsi á lóðunum og að uppbygging þess sé hafin á grundvelli gildandi skipulags. Einnig kemur fram að ekki liggi fyrir hvort lóð 29 verði innan deiliskipulags, en skoðað verði í samráði við sveitarfélagið og Thor hf., lóðarhafa Laxabrautar 35-41, hvort lóðin verði innan deiliskipulags.

Áður hefur farið fram umhverfismat framkvæmda Landeldis hf. nú (First Water hf.) á lóðum 21, 23 og 25, annars vegar fyrir framleiðslu allt að 5000 tonnum á ári og hins vegar vegna stækkunar upp í 28 þúsund tonna ársframleiðslu. Stofnunin bendir á að ekki hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem tekur til lóða nr. 19, 27 eða 29.

Vatnamál

Í greinargerð segir að vatnspörf sé mikil í fiskeldis iðnaði og æskilegt sé að vatnstaka jarðsjávar verði 20.000 l/s en ferskvatnstaka 500 l/s. Gæta skuli sérstaklega að jafnvægi við vatnstöku/boranir þannig að ferskvatnstaka dragi ekki jarðsjó norðar en nú sé. Umhverfisstofnun minnir á að í umhverfismati ætti að fjalla um möguleg áhrif á vatn, hvort sem það er vegna losunar í strandsjó eða vatnstaka. Vatnshlotin eiga að uppfylla umhverfismarkmið um a.m.k. gott ástand. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að umhverfisþættirnir sem fjallað er um innihaldi einnig gæðapætti fyrir strandsjó og grunnvatn og að mat sé lagt á hvort deiliskipulagið eða starfsemin muni hafa áhrif á vatn. Þá ætti umhverfismatið að vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem sett er fram í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun. Framkvæmdir og starfsemi skulu uppfylla markmið laganna og stefnumörkun setta fram í vatnaáætlun. Í lögum kemur fram að vernda skuli allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögum má ástand vatnshlota ekki rýrna.

Þau grunnvatnshlot sem eru innan framkvæmdarsvæðis eru Selvogstraumur 3 (104-290-G) og Ölfusstraumur 3 (103-268-G) og mun vatnstaka fara fram í þeim. Umhverfismarkmið þessara tveggja grunnvatnshlota er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand grunnvatnshlotanna hefur ekki verið flokkað vegna skorts á gögnum.

Til viðbótar mun starfsemin losa fráveituvatn í strandsjávarhlotið Stokkseyri að Þorlákshöfn (103- 1341-C). Umhverfismarkmið strandsjávarhlota er að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Strandsjávarhlotið hefur ekki verið ástandsflokkað vegna skorts á gögnum.

Ástand vatnshlotanna má ekki rýrna, hvorki varanlega né tímabundið.

Mikilvægt er að í umhverfismati verði fjallað vel um möguleg áhrif á vatn, hvort sem það er vegna losunar í strandsjó eða vatnstaka. Bæði vegna fyrirhugaðrar starfsemi sem og samlegðaráhrif þeirra sem hafa áhrif á vatn. Umfjöllun um áhrif á og grunnástand einstakra gæðapátta er best til þess fallin til að meta möguleg áhrif og að lagt verði mat á hvort deiliskipulagið eða starfsemin muni hafa áhrif á vatn. Gæðapættir fyrir grunnvatn eru settir fram í kafla 2, viðauka III reglugerðar nr. 535/2011. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand grunnvatnshlota eru breytingar á hæð grunnvatnsyfirborðs (magnstaða grunnvatns) og leiðni og styrkur mengunarvalda (efnafræðilegt ástand). Sýna þarf fram á að nýting á grunnvatni muni ekki hafa áhrif á sjálfbærni grunnvatns (magnstöðu) sem t.d. getur birst í áhrifum á lindir og yfirborðsvatn eða haft áhrif á notkun og starfsemi annarra á svæðinu.

Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand strandsjávarhlota eru nítrat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingjar og þörungur á hörðum botni (sjá skýrslu Hafrannsóknarstofnunar¹).

Ef matið leiðir í ljós möguleg áhrif á vatnshlotin skal leggja fram mótvægisáðgerðir sem skulu tryggja að vatnshlotin uppfylli umhverfismarkmið.

Mikilvægt er að öll forvinna og grunnrannsóknir séu vel af hendi gerðar áður en farið er af stað í framkvæmdir og áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotin metin. Auk þess að vatnshlotin

¹ Hafrannsóknastofnun 2022. [Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávur](#)

verði vöktuð til framtíðar. Nálgast má upplýsingar um vöktun vatnshlota á heimasíðu stjórnar vatnamála.²

Þessu til viðbótar bendir stofnunin á umfjöllun umsagnaraðila og álit Skipulagsstofnunar um vatnstöku í umhverfismatsskýrslu rekstraraðila vegna stækkunar í 28 þúsund tonna ársframleiðslu þar sem fram kemur að helsta álitamálið í tengslum við fyrirhugaða framleiðsluaukningu séu möguleg áhrif á grunnvatn.³

Úrgangur

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hversu mikið falli til af fiskimykju og dauðfiski við framleiðsluna.

Umhverfisstofnun telur það nauðsynlegt að fjallað sé um endurnýtingu úrgangs og bendir á stefnu stjórnvalda, Í átt að hringrásarhagkerfi⁴, sem kom út í júní 2021 en samkvæmt henni er stefnt að því að hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Stofnunin bendir þó á að að notkun fastefnis/fiskimykju til áburðar og vinnsla og/eða geymsla á aukaafurðum dýra er háð samþykki Matvælastofnunar. Því bendir stofnunin á að leita skal samþykkis Matvælastofnunar áður en/ef ætlunin er að nýta efnið.

Starfsleyfi

Umhverfisstofnun bendir á að í gildi er starfsleyfi First Water hf. (áður Landeldi hf.) fyrir allt að 3450 tonna hámarkslífmassa laxfiska á hverjum tíma að Laxabraut 21, 23, og 25. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að af loftmynd af svæðinu (mynd frá 2023, skoðuð á map.is 28.11.23) má sjá að starfsemi rekstraraðila og fiskeldisker ná yfir á lóð Laxabrautar 19. Eftirlitsaðilar stofnunarinnar staðfestu dags. 30. nóvember sl. að þarna fer fram fiskeldi og er málið til skoðunar innan stofnunarinnar.

Stofnunin bendir á að þessi staðsetning starfsemi er ekki í samræmi við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu framkvæmda, né útgefið starfsleyfi.

Einnig bendir stofnunin á að fiskvinnsla er háð starfsleyfi eða skráningu, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins sé hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að skilmálar aðalskipulags eru ekki í samræmi við ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr.

² <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/voktun-vatns/>

³ <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1177#amum>

⁴ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefnal_att_ad_hringrasarhagkerfi.pdf

ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Auk þess þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin vekur einnig athygli á því að gildandi deiliskipulagsáætlanir taka til Laxabrautar 17 annarsvegar og Laxabrautar 21, 23 og 25 hins vegar. Umfjöllun í matsskýrslum Landeldis hf. vegna umhverfisáhrifa vegna framkvæmda á svæðinu nær einungis til framkvæmda innan lóða 21, 23, og 25. Líkt og nefnt er hér að ofan nær starfsemi rekstraraðila og framkvæmdir inn á lóð Laxabrautar 19 og talsverða röskun má sjá þar á loftmyndum. Þetta má einnig sjá á mynd 6 í greinargerð. Einnig sést á áður nefndri loftmynd að lóðum 15 og 17 hefur einnig verið talsvert raskað.

Stofnunin bendir á að framkvæmdirnar virðast ná út fyrir svæði gilds deiliskipulags og það svæði sem fjallað hefur verið um í umhverfismati.

Lífriki fjörunnar og fuglar

Í greinargerð er gert grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem meta á í töflu 2. Stofnunin bendir á að lífríki fjörunnar og fuglalíf er ekki einn af þeim umhverfisþáttum sem áætlað er að meta. Umhverfisstofnun bendir á að eldi af þessari stærðargráðu getur fylgt talsverð losun fastefnis og næringarefna þó að frárennsli verði hreinsað með tromlusíu. Stofnunin telur því að meta þurfi möguleg áhrif á lífríki og fuglalíf vegna þess og mögulegar mótvægisáðgerðir. Stofnunin bendir á mikilvægi frágangs við útrás frárennslis og góðu eftirliti með því hvort fuglar séu að sækja í næringarefni á svæðinu. Stofnunin bendir í þessu samhengi á umsagnir stofnunarinnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu rekstraraðila vegna stækkunar í 28 þúsund tonna ársframleiðslu, þar sem Skipulagsstofnun taldi að ástæða væri til að lífríki strandarinnar, m.a. fuglar, yrði vaktað.⁵

Loftslag

Umhverfisstofnun bendir á að þáttinn loftslag vantar einnig í töflu 2 en samkvæmt 4. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal meta bein og óbein

⁵ <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1177#amum>

umtalsverð áhrif á loftslag. Stofnunin telur mikilvægt að áhrifin á loftslag verði metin t.d. losun frá framkvæmdum og starfseminni. Þá vantar jafnframt að fram komi umfjöllun um aðlögun starfseminnar að loftslagsbreytingum. Einnig vantar umfjöllun um hvernig áætlunin samræmis stefnu stjórnvalda og skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum.

Útivist

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif útivistar vegna starfseminnar.

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir gönguleið meðfram ströndinni.

Fram kemur í myndatexta með líkanmynd á mynd 5.12 í umhverfismatsskýrslu vegna framkvæmdar við stækkun Landeldis hf.⁶ að áfram verði hægt að ganga gönguleiðina á klettabrúninni með fram sjónum. Stofnunin vekur athygli á því að á líkanmyndinni er fyrirkomulag útrása ekki sýnt inn á opna svæðinu sem liggur sunnan við lóð framkvæmdaaðila skv. aðalskipulagi. Í áliti Skipulagsstofnunar um matsskýrsluna⁷ kemur fram að rekstraraðili hafi sagt að fráveita verði í samræmi við skilmála samþykkt skipulags. Í gildandi deiliskipulagi Laxabrautar 21-25 eru þrjár mögulegar útrásir sýndar, sbr. mynd 4 í greinargerð með lýsingu. Í greinargerðinni með lýsingunni sem hér er til umfjöllunar kemur einnig fram að áfram verði tryggð gönguleið sunnan við lóðirnar í samræmi við aðalskipulag. Stofnunin vekur þó athygli á því að á loftmynd af athafnasvæði rekstraraðila á Laxabraut 21-25 (mynd frá 2023, skoðað á map.is 28.11.23) er ein útrás frá núverandi svæði sem skiptist í tvennt. Opnir skurðir með fráveitu til sjávar liggja á því svæði utan lóða framkvæmdaaðila sem skilgreint er í aðalskipulagi sem opið svæði. Erfitt er að sjá hvernig aðgengi gangandi vegfaranda er tryggt þar um gönguleið.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram sjávarlengjunni, svo að útivistargildi skerðist ekki og gönguleið sýnd með skýrum hætti á uppdrætti deiliskipulags og hvernig fólk á að þvera vatnsrásir frá fyrirtækinu.

Samkvæmt aðalskipulagi liggur einnig reiðleið norðan við svæðið Laxabraut 15-29. Gera þarf grein fyrir áhrifum á reiðleiðina sjálfa og þeim sem hana nota.

⁶ https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1994/8347-003-MAU-001-V02_Umhverfismatssk%C3%BDrsla_Landeldi_%C3%A1_Laxabraut.pdf

⁷ <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/2085/Framlei%C3%B0sluaukning%20Landeldis%20hf.%20-%20%C3%A1lit%20Skipulagsstofnunar.pdf>

Útrás

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að útrás fráveitu sé sýnd á uppdrætti og hún sé innan skipulagssvæðis.

Samlegðaráhrif

Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að í umhverfismatskýrslu verði ítarlega verði gert grein fyrir mögulegaum samlegðaráhrifum við aðra starfsemi, sérstaklega m.t.t. vatnstöku og losunar í viðtaka.

Virðingarfyllt,

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur

Hlín Gísladóttir

lögfræðingur